

73. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Haldinn í Glerárskóla 4.mars 2014

Mættir voru: Berglind Rafnsdóttir, Guðmundur Geirsson, Óskar Ingi Sigurðsson, Helgi Stefánsson og Sigrún Elva Briem

1 Mikil óánægja með úthlutun peninga

Hverfisnefndir Akureyrar voru boðaðar á fund hjá framkvæmdaráði föstudaginn 28.febrúar sl. Vegna framkvæmda bæjarins fyrir árið 2014 og var þar tilkynnt að ekki yrði umhverfisfé 2013 fært yfir til ársins 2014.

Nefndarmenn voru mjög óánægðir með svikið loforð vegna fjármuna sem hverfisnefndin átti að fá úthlutað á árinu 2013. Úthlutað var 2 milljónum til okkar sem á að fara í framkvæmdir í hverfinu og vorum við einungis búin að úthluta ca. 370 þúsundum fyrir Glerárskóla v.útiskóla og panta bekki til nota í hverfinu í vor. Jón Birgir hjá framkvæmdadeild hefur enn ekki, þrátt fyrir ítrekanir, sent okkur reikninga vegna úttektar ársins 2013 og því veit hverfisnefnd ekki hversu mikið af fénu hefur verið nota.

Hverfisnefnd vill enn og aftur ítreka beiðni sína um að fá í hendurnar afrit af reikningum um úttekt sína af umhverfisfé vegna ársins 2013.

Þá var öllum hverfisnefndum á Akureyri lofað rétt fyrir jól að afganginn væri hægt að nýta fyrir árið 2014, sem verður svo ekki staðið við. Látum við loforðið fylgja hér með:

FROM: DAGNÝ M. HARÐARDÓTTIR [[MAILTO:DAGNY@AKUREYRI.IS](mailto:DAGNY@AKUREYRI.IS)]

SENT: 23. DESEMBER 2013 09:58

GÓÐAN DAG

Á FUNDINUM SÍÐASTLIÐINN MÁNUÐAG VÁR ÁKVÉÐIÐ AÐ ÉG MUNDI ATHUGA HJÁ ODDI HELGA FORMANNI FRAMKVÆMDARÁÐS HVÁÐ YRÐI UM EFTIRSTÖÐVAR EF HVERFISNEFND HEFÐI EKKI FULLNÝTT ÞÆR TVÆR MILLJÓNIR SEM HVER NEFND FÉKK TIL RÁÐSTÖFUNAR Á ÁRINU Í UMHVÆRISVERKEFNI Í HVERFINU Þ.E. HVORT HÆGT VÆRI AÐ FLÝTJA EFTIRSTÖÐVARNAR Á MILLI ÁRA.

ODDUR SAGÐI AÐ ÞAÐ ÞYRFI EKKI AÐ HAFA ÁHYGGJUR AF ÞVÍ, ÞAR SEM TEKID YRÐI TILLIT TIL ÞESS Á NÆSTA ÁRI. ÞAÐ DETTUR ÞVÍ EKKERT NIÐUR AF FJÁRVEITINGU ÞESSA ÁRS ÞÓ HÚN HAFI EKKI VERID FULLNÝTT Á ÁRINU.

Við viljum hér með lýsa vonbrigðum okkar með framkvæmdaráð vegna þessa máls.

2. Hugmyndir vegna 2 milljóna 2014

Rætt var um hvað skyldi gera fyrir fjármagn ársins 2014 og í framhaldi var Framkvæmdaráði sent eftirfarandi bréf þann 12.mars 2014. :

Framkvæmdaráð

„Framkvæmdaráð óskar eftir því að formaður eða fulltrúi nefnda/ráða mæti til fundar föstudaginn 28. febrúar kl. 8:15 þar sem hægt verður að fara betur yfir málið. Lokafrestur nefnda/ráða til að skila tillögum til framkvæmdaráðs til samþykktar er svo 13. mars 2014. „

Þetta eru okkar tillögur vegna umhverfisstyrks Holta og hlíðahverfis árið 2014.

Skilti á hús 800 þúsund

Kvenfélagsreitur til efniskaupa vegna útikennslu fyrir Glerárskóla 500 þúsund

Umhverfisdagur eða opnun í Seljagarðinum 220.000 þúsund

Við erum að horfa á tilboð kr. 680.000 frá Frisbíggölfbúðinni sem Jón Birgir áframsendi til okkar þann 11.mars 2014 um 9 holu frisbíggölvöll með vallarskilti og teigskiltum.

Áætlað er að setja hann niður í kringum Glerárskóla en sú vinna mun verða unnin í samráði við stjórnendur Glerárskóla og forráðamenn Þórsheimilis ásamt íbúum hverfisins.

Vinsamlegast hafið samband við formann hverfisnefndar, sé eitthvað óljóst varðandi þessa áætlun.

Berglind Rafnsdóttir

Formaður Hverfisnefndar Holta- og hlíðahverfis.

3. Aðalfundur hverfisnefndar verður 30.apríl 2014

Hverfisnefnd ætlaði að hafa aðalfund 9.apríl nk en þá er árshátíð Glerárskóla haldin og salurinn upptekinn. Því er dagsetningu breytt til 30.apríl og búið er að tala við umsjónarmenn 10.bekkjjar Glerárskóla um að hafa kaffi-hlaðborð þann dag. Skoðað er að finna ræðumann og ætlar Óskar að skoða það mál.

Næsti fundur verður haldinn á kaffistofu Glerárskóla 2. Apríl n.k.

Fleira ekki fært til bókunar

Sigrún Elva Briem